

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1955****2016/EES/18/20****frá 29. október 2015****um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽¹⁾, einkum 21. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á undanförunum árum hefur sívaxandi fjöldi blendingsyrkja af byggi, sem eru framleidd með tækni með umfrymisbundinni karlófrjósemi, verið skráður í sameiginlegu skrána yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði skv. 17. gr. tilskipunar 2002/53/EB ⁽²⁾.
- 2) Umfrymisbundin karlófrjósemi hefur verið samþykkt um allan heim sem tækni við kynbætur við framleiðslu á blendingsyrkjum af byggi. Hún felur í sér erfðakerfi sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í umfrymi plantna. Þessu erfðakerfi má bæta inn í plöntur með víxlun. Á grundvelli þessarar tækni er hægt að sameina erfðafræðilega fjölbreytni tveggja eða fleiri foreldralína. Því er hægt að efla eiginleika þessara yrkja að því er varðar þol gegn sjúkdómum og afrakstur. Í ljósi þessarar tækniþróunar þykir rétt að fastsetja sértæk skilyrði fyrir blendingsyrki af byggi.
- 3) Að teknu tilliti til tæknilegra líkinda við framleiðslu á fræi rúgblendinga og þarfa notenda, sem nota fræ af blendingum af byggi, þykir rétt að setja fram skilyrði fyrir viðkomandi fræ sem eru áþekk skilyrðunum sem gilda fyrir fræ rúgblendinga.
- 4) Reynslan hefur sýnt að tiltekin, blönduð framleiðsluferfi, sem beitt er á akrinum, samhliða áhættu í tengslum við veðurskilyrði á blómgunartímanum, kalla eftir því að hreinleikastaðlar yrkis séu lækkaðir niður í 85% þar sem tækni með umfrymisbundinni karlófrjósemi er notuð og gera þannig stöðuga fræframleiðslu mögulega við óhagstæðari veðurskilyrði. Því þykir rétt að heimila lægra hreinleikastig yrkis en þess sem krafist er fyrir aðra blendinga.
- 5) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.***Breytingar á tilskipun 66/402/EBE**

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 284, 30.10.2015, bls. 142. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði (Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1).

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málsliðar í 5. lið komi eftirfarandi: „Ræktun til að framleiða vottað fræ af blendingum af *Avena nuda*, *Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Oryza sativa*, *Triticum aestivum*, *Triticum durum*, *Triticum spelta* og sjálffrævandi *xTriticosecale* og ræktun til að framleiða vottað fræ af blendingum af *Hordeum vulgare* með annarri tækni en með umfrymisbundinni karlófrjósemi”.

b) Eftirfarandi liður bætist við á eftir 5. lið:

„5a. Ræktun til að framleiða stofnfræ og vottað fræ blendinga af *Hordeum vulgare* með tækni með umfrymisbundinni karlófrjósemi:

a) Ræktunin skal uppfylla eftirfarandi staðla um fjarlægð frá nálægum frjógjöfum sem getur orsakað óæskilega aðfrævnun:

Ræktun	Lágmarksfjarlægð
Við framleiðslu stofnfræs	100 m
Við framleiðslu vottaðs fræs	50 m

b) Ósvikni og hreinleiki yrkja í ræktuninni skulu teljast nægileg að því er varðar þáttaeinkenni.

Einkum skal ræktunin uppfylla eftirfarandi kröfur:

i. Hundraðshluti plantna, miðað við fjölda, sem víkja greinilega frá rétta stofninum má ekki vera meiri en:

— fyrir ræktun sem er notuð til framleiðslu á stofnfræi: 0,1% fyrir viðhalds- og endurheimtarlínuna og 0,2% fyrir kvenþátt umfrymisbundnu karlófrjóseminnar,

— fyrir ræktun sem er notuð til framleiðslu á vottuðu fræi: 0,3% fyrir endurheimtarlínuna og kvenþátt umfrymisbundnu karlófrjóseminnar og 0,5% ef kvenþáttur umfrymisbundnu karlófrjóseminnar er einn blendingur.

ii. Karlófrjósemisstig kvenþáttarins skal vera a.m.k.:

— 99,7% fyrir ræktun sem er notuð til framleiðslu á stofnfræi,

— 99,5% fyrir ræktun sem er notuð til framleiðslu á vottuðu fræi.

iii. Kröfurnar í i. og ii. lið skulu rannsakaðar í opinberum eftirkönnunarprófum.

c) Vottað fræ er hægt að rækta í blandaðri ræktun með karlófrjósum kvenþætti með karlþætti sem endurskapar frjósemi.“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar I.C komi eftirfarandi:

„C. Blendingar af *Avena nuda*, *Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Hordeum vulgare*, *Oryza sativa*, *Triticum aestivum*, *Triticum durum*, *Triticum spelta* og sjálffrævandi *xTriticosecale*

Hreinleiki fræsins í flokknum „vottað fræ“ skal vera a.m.k. 90%.

Ef um er að ræða *Hordeum vulgare*, sem er framleiddur með umfrymisbundinni karlófrjósemi, skal hann vera 85%. Óhreinindi önnur en endurheimtarlinan skulu ekki vera yfir 2%.

Lágmarkshreinleiki yrkis skal rannsakaður á viðeigandi hlutfalli sýna í opinberum eftirkönnunarprófum.“

b) Í stað fyrirsagnar liðar I.E í II. viðauka komi eftirfarandi:

„E. **Blendingar af *Secale cereale* og blendingar af *Hordeum vulgare* sem eru framleiddir með umfrymisbundinni karlófrjósemi**“.
